

Í gær gerði RLR þá kröfu að framangreint gæsluvarðhald verði fram-
lengt til miðvikudagsins 26. mars nk. kl. 17:00. Dómarinn fékk gögn máls-
ins til athugunar kl. 13:00 sama dag. Kl. 16:05 var kærði færður í dóminn
og honum kynnt krafa RLR. Kl. 16:58 ákvað dómarinn með vísan til 66.
gr. laga nr. 74, 1974 og með tilliti til umfangs málsins að taka sér sólar-
hrings frest til ákvörðunar um hvort gæsluvarðhaldið skyldi framlengt eða
kærði látinn laus.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR og hefur talið kæruefnið eingöngu
varða eðlileg viðskipti af hans hálfu, að undanskilinni íbúðinni að Klappar-
stíg 13. Taldi kærði sig engin hegningarlagaabrot hafa framið.

Ljóst er af gögnum málsins að rannsókn sakarefnisins er vel á veg komin,
en þó eigi lokið að fullu. Þá ber að líta til þess að þann 11. mars sl. gaf
Guðjón Sverrir Agnarsson skýrslu hjá RLR og taldi sig hafa fengið okurlán
hjá kærða og hafi honum verið hótað líkamlegu ofbeldi ef kröfurnar
greiddust ekki.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga
nr. 74, 1974 þykir eigi verða hjá því komist að framlengja gæsluvarðhald
kærða og skal hann sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en
til miðvikudagsins 19. mars nk. kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sumarliði Óskar Arnórsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þó
eigi lengur en til miðvikudagsins 19. mars 1986 kl. 17:00.

Miðvikudaginn 19. mars 1986.

Nr. 231/1984. **Guðmundur G. Halldórsson**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

Þorvaldi Skaftasyni

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Skuldamál. Umsýslusala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson,
Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. nóvember 1984. Hann krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi, þó svo að vextir frá uppsögu hans verði tilteknir 25,5% ársvextir til 10. október 1984, 26% frá 11. október til 25. október, 27,5% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% frá þeim degi til 21. janúar, 37% frá þeim degi til 11. maí, 35% frá þeim degi til 21. ágúst, 36% frá þeim degi til 1. desember 1985, 39% frá þeim degi til 1. mars 1986, 20% frá þeim degi til 6. mars en síðan hæstu innlánsvextir til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ósannað er að áfrýjandi hafi keypt hrognin á föstu verði af stefnda. Verður því við það að miða að hann hafi tekið þau í umsýslusölu. Honum bar því að láta stefnda í té skilagrein um heildarsöluverð og sölukostnað vörunnar ásamt umboðslaunum til sín, en slíkt uppgjör liggur ekki fyrir í málinu. Þá er ósannað að samningar aðila hafi staðið til þess að stefndi bæri halla af kostnaði og verðlækkun á síðari hrognasölu áfrýjanda. Með vísan til þessa og forsendna héraðsdóms að öðru leyti er fallist á að skuld áfrýjanda við stefnda vegna þessara hrognaviðskipta nemi 35.639,95 krónum og hefur þá verið tekið tillit til greiðslu áfrýjanda á skuld stefnda vegna kaupa á tunnum, 10.691,00 krónu.

Eftir atvikum þykir rétt að ofangreindri fjárhæð, 35.639,95 krónum, komi til frádráttar andvirði þeirra 50 neta sem um ræðir í héraðsdómi, 5.900,00 krónur, en stefndi hefur samþykkt fjárhæðina sem slíka. Upplýst er í málinu að stefndi veitti netum þessum viðtöku, en ósannað er að hann hafi endursent þau áfrýjanda.

Samkvæmt framanrituðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 29.739,95 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 32.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Guðmundur G. Halldórsson, greiði stefnda, Þorvaldi Skaftasyni, 29.739,95 krónur með vöxtum svo sem í dómsorði hins áfrýjaða dóms segir.

Áfrýjandi greiði stefnda 32.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. september 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., hefur Þorvaldur Skaftason, Hólabraut 12, Höfðahreppi, Skagaströnd, nnr. 9819-2719, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 26. október 1983 á hendur Guðmundi G. Halldórssyni, nnr. 3070-7354, Kvislarhóli, Tjörneshreppi, Þingeyjarsýslu, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 36.920,00 með 37% ársvöxtum frá 8. mars 1982 til 1. nóvember s.á., en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 27. október s.á., en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Við munnlegan málflutning kom fram sú varakrafa af hálfu stefnda að andvirði 50 neta, sem stefndi sendi stefnanda, samtals að verðmæti kr. 5.900,00, verði látið koma til frádráttar falli dómur á þá leið að stefndi verði talinn greiðsluskyldur.

Kröfu þessari var andmælt sem of seint fram kominni, en fjárhæðin samþykkt rétt sem slík.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að sumarið 1981 hafi hann falið stefnda að selja í umsýslusölu 71 tunnu af grásleppuhrognum á því lágmarksverði sem þá var í gildi, þ.e. 330,00 US\$ pr. tunnu. Ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um viðskiptin, en stefnandi hafi gengið út frá þeirri venju sem ríki í viðskiptum sem þessum, að stefndi tæki 3% söluþóknun auk útlagðs kostnaðar við flutninginn og tryggingu á honum.

Tunnunum hafi verið skipað út í ágúst 1981 og fyrsta greiðsla til stefnanda, kr. 65.000,00, hafi verið 13. janúar 1982 og síðan eftirstöðvarnar

þann 8. mars s.á., kr. 87.609,00, en þá hafi stefnandi jafnframt verið skuldfærður fyrir tónum plasttunnum og salti að fjárhæð kr. 10.691,00. Þannig að samtals hafi hann fengið greitt fyrir tunnurnar kr. 163.300,00. Á viðskiptayfirliti, sem stefnanda hafi borist frá stefnda með síðustu greiðslunni, komi einungis fram að greiðslan sé kr. 2.330,00 pr. tunnu en ekkert yfirlit yfir hve mikil þóknun sé tekin né hverju útlagður kostnaður nemi.

Stefnandi vilji ekki una þessum uppgjörsmáta.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að stefnda hafi verið falið að selja í umsýslusölu fyrir sig 71 tunnu af grásleppuhrognum á þágildandi lágmarksverði sem hafi verið 330,00 US\$ tunnan, og beri honum að standa skil á því að frádregnum 3% umboðslaunum, eins og venja sé, og útlögðum kostnaði skv. framlögðum reikningum.

Þar sem stefndi hafi ekki fengist til að afhenda neitt uppgjör um umsýslusölu sína verði stefnandi að miða við sölu á grásleppuhrognum um svipað leyti hjá öðrum útflytjendum, sem almennt hafi skilað skilaverði sem var milli kr. 2.800,00 og 2.850,00 pr. tunnu. Í stefnukröfunni sé gert ráð fyrir skilaverði að fjárhæð kr. 2.820,00, þ.e. því skilaverði sem hann hafi fengið frá öðrum útflytjanda varðandi tunnur sem hann flutti út í sama mánuði og tunnur þær sem stefndi flutti út fyrir hann.

Kröfufjárhæðin sé því mismunur á skilaverði á 71 tunnu á kr. 2.820,00 og því skilaverði sem stefndi innti af hendi, kr. 2.300,00 pr. tunnu.

Stefndi styður sýknukröfu sína eftirfarandi rökum: Sumarið 1981 hafi stefnandi haft samband við stefnda, sem reki heildsölu á Húsavík, og beðið hann um að taka við söltuðum grásleppuhrognum. Stefnandi hafi kveðið sig eiga í erfiðleikum með að selja hrognin og Steinavör hf. hefði svikið sig. Stefndi hafi tjáð honum að mjög erfiðlega hefði gengið að selja grásleppuhrogn og ástand í solumálum væri mjög slæmt og ákveðið lágmarksverð eigi tryggt. Hafi stefndi ekki lofað neinni ákveðinni upphæð fyrir grásleppuhrognin vegna óvissunnar. Fyrst hafi stefnandi beðið hann að taka 50 tonnur, en þær hafi verið 71, þegar til kom.

Stefndi hafi haft mikið fyrir hrognum frá stefnanda, m.a. hafi hann orðið að senda vélskip sérstaklega til Skagastrandar að sækja hrognin, en stefnda hafi tekist að selja þau seint og síðar meir ásamt öðrum hrognum og þá á mismunandi verði. Flutningskostnaður hafi verið ærinn, svo og kostnaður við margar ferðir vegna sölu- og samningstilrauna. Stefndi hafi tekið fram við stefnanda í upphafi að hann fengi aldrei 330 US\$ fyrir tunnuna, og hafi stefnandi gert sér fyllilega grein fyrir því. Reyndar viðurkenni stefnandi þetta í bréfi, á dskj. nr. 3, þar sem hann segir: "Ég geri mér fullljóst, að ég fæ aldrei 330 \$ fyrir tunnuna en 221 \$ sætti ég mig aldrei við." Þessi 221 \$ sé tilbúningur af stefnanda hálfu, en eins og sjáist á dskj. nr. 7 þá hafi stefndi greitt kr. 2.300,00 pr. tunnu og talið eðlilegt verð

miðað við eðli máls, ástand í sölumálum, alla fyrirhöfn og kostnað vegna sölunnar. Stefnanda hafi þótt þetta of lítið verð og eftir samtal milli aðilja símleidis hafi orðið að samkomulagi, að stefnandi fengi 50 net til viðbótar þessu og þar með væri málið úr sögunni. Síðar, eftir þetta samkomulag, virðist aðrir menn fara að hræra í stefnanda og jafnvel skrifa fyrir hann bréf, sbr. dskj. nr. 3, og séu allar kröfur stefnanda til viðbótar út í hött og tilefnislausar.

Málsástæður og lagarök stefnda séu í höfuðatriðum þau að stefndi hafi tekið að sér sölu á grásleppuhrognum fyrir stefnanda án áskilnaðar um lágmarksverð af hálfu stefnanda. Þeir hafi síðan náð samkomulagi um greiðslur fyrir allan farminn kr. 2.300,00 pr. tunnu og 50 net til viðbótar, og sé stefnandi skuldbundinn til þess að standa við það samkomulag, sbr. reglu sammingsréttarins: Pacta sunt servanda.

III.

Stefnandi og stefndi hafa báðir gefið skýrslu fyrir dómi, svo og vitnið Guðmundur Lýðsson.

Stefndi skýrði svo frá m.a., að hann hefði haft til sölu 3500-4000 tonnur af grásleppuhrognum frá ýmsum framleiðendum á sama tíma og hann seldi tonnur stefnanda og hefðu tonnur stefnanda farið með fyrsta farmi, sem var u.þ.b. 1000 tonnur, og hefði söluverð á tunnu numið US\$ 330,00 sem var ákveðið lágmarksverð á þeim tíma. Hefði hann haft hrognin í heildsölu. Hins vegar hefði síðan orðið verðhrun á grásleppuhrognum og hefðu eftirstöðvar hrognanna selst á mun lægra verði. Af framburði stefnda verður ráðið að hann hafi ekki haldið aðgreindum kostnaði vegna framleiðslu stefnanda og annarra framleiðenda og að hann hafi jafnað niður kostnaði og verðyrnum, sem varð á síðari sendingum, á alla framleiðsluna. Ekki gat stefndi upplýst hver sá kostnaður var sem hann hafði haft af útflutningnum eða sú þóknun sem hann reiknaði sér, né heldur á hvern hátt hann reiknaði út verð til hvers einstaks framleiðenda. Það kom fram að ekki var samið við framleiðanda fyrirfram um ákveðið verð, heldur voru viðskiptin gerð upp við framleiðanda þegar greiðsla hafði borist erlendis frá og stefndi hafði reiknað sér kostnað og þóknun.

Þá hélt stefndi því fram að hann hefði sent stefnanda 50 net sem uppbót en hann hefði ekki lítið á þau sem greiðslu þar sem hann hefði talið sig vera búinn að greiða stefnanda allt sem hann átti hjá honum. Hann vissi ekki betur en netin væru enn hjá stefnanda.

Stefnandi skýrði svo frá m.a. að hann hefði aldrei samþykkt að taka við umræddum netum, og hefði hann sent þau til baka.

Vitnið Guðmundur Lýðsson skýrði svo frá, að venja væri, að seljendur grásleppuhrogna tækju u.þ.b. 12-17% af söluverði í þóknun og kostnað.

Með hliðsjón af gögnum málsins svo og framburði aðilja fyrir dómi virðist stefndi hafa haft hrognin í umsýslusölu fyrir stefnanda. Honum bar því að halda sundurgreindum kostnaði af framleiðslu stefnanda frá kostnaði af annarri vöru, og jafnframt var honum óheimilt að jafna kostnaðinum af öllum hrognunum sem og verðhruni á síðari sendingum niður á vöru stefnanda.

Upplýst er að stefndi fékk US\$ 330 fyrir hverja tunnu af hrognum stefnanda. Ómótmælt er að venjuleg þóknun til umsýslusala í grásleppuhrognaviðskiptum sé 3%. Þá er stefnda heimilt að reikna sér útlagðan kostnað samkvæmt framlögðum gögnum, sem nemur kr. 10.691,00 sbr. dskj. nr. 7. Samkvæmt dskj. nr. 14 reiknar stefnandi stefnda samtals 12,38% af söluverði hrognanna í söluþóknun og kostnað, en sú prósentutala er í samræmi við framburð vitnisins Guðmundar Lýðssonar. Útreikningum á dskj. nr. 14 var mótmælt sem röngum við munnlegan málflutning af hálfu stefnda. Stefndi hefur þó ekki sýnt fram á annan og réttari útreikning. Samkvæmt upplýsingum frá Hagfræðideild Seðlabanka Íslands var fyrst skráð gengi US\$ á árinu 1982 þann 14. janúar og var kaupgengi þann dag kr. 9.413,00. Kaupgengi 8. mars s.á. var hins vegar kr. 9.831,00 eða ívið lægra en fram kemur á dskj. nr. 14, en stefnandi mun þar nota gengi skráð 10. mars 1982. Sé miðað við gengi eins og það var skráð þann 8. mars s.á. og frádráttur stefnda 12,38% eins og greinir á dskj. nr. 14 verður skuld stefnda við stefnanda kr. 35.639,95. Þar sem viðurkennd þóknun til stefnda ásamt sannanlega útlögðum kostnaði nemur minna en 12,38% af söluverði hrognanna og stefndi hefur ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á hærri kostnaði eða þóknun verður krafa stefnanda tekin til greina með kr. 35.639,95.

Ekki verður litið svo á, að krafa um frádrátt vegna 50 neta, sem stefndi sendi stefnanda sé of seint fram komin, þar sem ráða má af málalíbúnaði í greinargerð stefnda að hann telji net þessi til greiðslu. Hins vegar lýsti stefndi því yfir fyrir dómi að netin hefðu ekki verið ætluð sem greiðsla til stefnanda af sinni hálfu, enda hefði hann talið sig vera búinn að greiða allt sem hann skuldaði honum, heldur hefðu þau verið hugsuð sem uppbót. Þá hefur stefnandi mótmælt því að hafa samþykkt að taka netin sem greiðslu. Af þessum sökum verður andvirði netanna ekki látið koma til frádráttar kröfum stefnanda.

Vaxtakröfu hefur ekki verið andmælt sérstaklega og dæmast því vextir eins og krafist er í stefnu til 21. október 1983, en frá þeim degi dæmast 36% ársvextir til 27. s.m. en síðan dómvextir eins og greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 15.400,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur G. Halldórsson, greiði stefnanda, Þorvaldi Skaftasyni, kr. 35.639,95 með 37% ársvöxtum frá 8. mars 1982 til 1. nóvember s.á., en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 25. september s.á., en síðan með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.400,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
